



Stjórn SSH 345. fundur

Mánudaginn 11. Janúar 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Músson og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð. Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar sat fundinn undir lið 1.

Þetta gerðist:

1. Sveitarfélagið Álftanes

Rætt var um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins Álftaness.

2. Sóknaráætlun 2020.

Á fundinn mætti Kristinn Tryggvi Gunnarsson frá Expectus, verkefnisstjóri vegna sóknaráætlunar ríkisstjórnarinnar og Reynir Kristinsson ráðgjafi frá NOR ehf.

Kristinn Tryggvi gerði grein fyrir hugmyndum stýrihóps um sóknaráætlunina um vinnustofur í einstökum landshlutum á næstu vikum og aðkomu landshlutasamtakanna að framvæmd máls.

Reynir Kristinsson gerði grein fyrir hugmynd sem mótuð hefur verið af NOR ehf. og framkvæmdastjóra SSH sem gerir ráð fyrir annars konar nálgun á framkvæmd vinnustofu með meiri áherslu á sókn atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða:

Stefnt að því að vinnustofa sóknaráætlunar á höfuðborgarsvæðinu verði haldin laugardaginn 13. mars nk. í samræmi við þá umgjörð og innihald sem Kristinn Tryggi kynnti á fundinum.

Samþykkt að ræða frekar samantekt NOR ehf. og framkvæmdstjóra SSH vegna áþaks til atvinnusköpunar á höfuðborgarsvæðinu á næsta stjórnarfund.



3. Önnur mál.

- a) **Erindi Ísaksskóla vegna greiðslna fyrir „utansveitarnemendur“**
Framkvæmdastjóra falið að skoða málið m.t.t. gildandi reglna Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir næsta stjórnarfund.
- b) **Erindi VSÓ v. umferðarlíkans fyrir höfuðborgarsvæðið.**
Framkvæmdstjóra falið að skoða málið frekar, m.a. í tengslum við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
- c) **Erindi v. „Menntasmiðjan – nám fyrir lífið“**
Stjórnin telur eðlilegt að bréfitari leiti samninga við hvert einstakt aðildarsveitarfélag um málið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05